

5% vöxtum frá 16. marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Helgi Benediktsson, greiði aðalstefnanda, Brynjólfi Guðlaugssyni, kr. 7.222.31 með 5% ársvöxtum frá 16. marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 8/1949.

Kristján Kristjánsson

gegn

Óskari S. Sigurgeirssyni.

Valdsvið dómstóla. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Halldórsson, lögfræðingur á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð sem setudómari í málinu.

Með kæru 15. f. m., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Akureyrar hinn 15. jan. sl., þar sem hrundið var frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og lögreglustjóranum á Akureyri.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi, enda verði varnaraðili þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili máls þessa á skýlausan rétt til að bera undir dómstóla, hvort verið hafi skilyrði að lögum til að afskrá bif-

reið hans og svipta hann einkennismerki hennar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar, verður hann ekki dæmdur, en átelja verður ástæðulausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 15. janúar 1949.

Mál þetta hefur Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11 hér í bæ, höfðað með stefnu, dags. 30. okt. sl., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, gegn Friðjóni Skarphéðinssyni bæjarfógeta sem yfirumsjónarmanni með skráningu og afskráningu bifreiða á Akureyri og Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4, Akureyri, til þess að fá þá dæmda, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómara frá birtingu dóms að telja, til þess að afhenda honum bifreiðaskrásetningarnúmerið A-2 á „Dixie Flyer“-bifreið, sem hann nú á. Einnig krefst Óskar S. Sigurgeirsson þess, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti f. h. embættisins og Kristján Kristjánsson forstjóri verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Vegna tengsla við málið vék hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson, þegar í fyrsta þinghaldi hinn 1. nóvember sl. dómarasæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því næst með bréfi, dags. 15. nóv., Björn Halldórsson lögfræðing til þess að fara með og dæma mál þetta. Um það leyti, er settur dómari skyldi hefja starf við málið, tilkynnti Friðjón Skarphéðinsson honum, að hann (Friðjón) mundi ekki sækja dómþing í málinu. Í þinghaldi 11. f. m. færði umboðsmaður stefnanda kröfugerð af sinni hálfu í það horf, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti yrði að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómarans dæmdur til að taka bifreiðina „Dixie Flyer“, eign sækjanda, aftur inn á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar undir téðu númeri, enda heimild Kristjáns Kristjánssonar til bifreiðarnúmersins hnekkt með dóminum, en málskostnaðarkrafa óbreytt. Af hálfu varnaraðila beggja var lýst yfir samþykki þess, að málið yrði rekið samkvæmt hinni endurnýjuðu kröfugerð. Enn fremur lýstu allir málspartar yfir því, að þeir teldu útilokað, að sáttaumleitun fyrir sáttanefnd um hina endurnýjuðu kröfugerð mundi bera árangur. Var Friðjón Skarphéðinsson viðstaddur dómþing, meðan þessa fór fram, en hefur að öðru leyti haldið fast við upphaflega ákvörðun sína um afskiptaleyzi af málinu. Umboðsmaður Kristjáns Kristjánssonar hefur í greinargerðum, dskj. 16 og 17, krafizt frávisunar málsins, en al-

gerrar sýknu, ef til efnismeðferðar málsins skyldi koma, en í hvoru tveggja tilfalli málskostnaðar úr hendi sækjanda til handa umbj. sínum.

Málavöxtum er í sem stytztu máli svo lýst:

Sækjandi málsins, Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11 hér í bæ, hefur a. m. k. um 14 ára skeið átt gamla bifreið af svonefndri „Dixie Flyer“-gerð. Lítið virðist bifreið þessi hafa verið notuð, þar sem hún hefur aðeins einu sinni (sumarið 1941) á undanförnum 12 árum verið færð til skoðunar skv. bifreiðalögum. Hins vegar virðist, að jafnan hafi verið greiddir lögboðnir skattar og gjöld af bifreiðinni. Á sl. hausti afmáir Snæbjörn Þorleifsson, bifreiðaeftirlitsmaður hér í bæ, bifreiðina af bifreiðaskrá umdæmisins og úthlutar Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Akureyri, einkenninu A-2, að því er ætla má, til notkunar á aðra bifreið, sem er fyrir hendi. Umboðsmaður sækjanda finnur bifreiðaeftirlitsmanni einkum það til foráttu, að hann hafi ekki gætt fyrirmæla síðustu málsgr. 17. gr. bifreiðalaga, áður en hann réðst í að afskrá bifreiðina og afhenda öðrum einkennisstafi hennar. Hins vegar réttlætir eftirlitsmaður í skýrslu sinni, dskj. nr. 15, afskráningargerð sína með því, að bifreiðin hafi ekki svo lengi komið til skoðunar, sem og hinu, að viðhald hennar sé annmörkum háð. Sáttafund um mál þetta með sáttanefnd Akureyrar sóttu umboðsmenn af hálfu sækjanda, sem var forfallaður, Kristján Kristjánsson og Friðjón Skarphéðinsson. Sáttaumleitun var, sem áður getur, árangurslaus.

Nú fær dómariinn að vísu ekki séð, að Kristján Kristjánsson hafi þau umráð sakarefnis, eftir því sem það er vaxið, að krafa hans út af fyrir sig megi nokkru valda um, hvort málinu verði frá vísað eða ekki. Hins vegar verður ekki hjá því komizt á þessu stigi málsins, að tekin verði ákvörðun um, hvort krafa sú, sem gerð hefur verið af hálfu sóknaraðilja í máli þessu, sé þannig vaxin, að hún skuli sæta úrlausn dómstóla eða að dómari skuli vísa henni frá af sjálfsdáðum, enda gerist, hvort eð er, úrskurðar þörf um dómhæfi kröfunnar vegna frávísunarkröfunnar.

Störf við skráningu og afskráningu bifreiða eru með 3. kafla laga nr. 23 frá 1941 lögð til stjórnsýslu ríkisins, þ. e. lögreglustjóra með aðstoð bifreiðaeftirlitsmanna, allt undir yfirumsjón dómsmálaráðherra, og setja lögin þeim, er með fara, nokkrar reglur um framkvæmd starfanna. Að skoðun sækjanda hefur skráningarvaldsmaður hér í bæ brotið reglur laganna við afskráningu bifreiðar hins fyrirtalda, afskráning því verið ólögleg og því beri með dómi að skylda skráningarvaldið til að skrásetja bifreiðina af nýju og með sama einkennismerki og áður. Aðalregla íslenzkra laga og stjórnskipunar er vafalaust sú, að dómstólum beri úrlausn hvers konar ágreinings, hvort heldur er milli einstaklinga innbyrðis eða milli einstaklinga annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Regla þessi á að nokkru leyti stoð í 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er ákveðið, að dómstólar skeri úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Hins vegar eru ákveðnir flokkar mála fengnir öðrum valdgreinum en dómstólum til úrlausnar með stjórnarskrárákvæði eða með beinum orðum al-

mennra laga teknir undan úrlausn dómstóla eða fengnir til úrskurðar öðru valdi en dómstólum. Ef mál einhverrar slíkrar tegundar yrði þó borið undir dómstól, virtist rétt að vísa því frá dómi. En þótt III. kafli laga nr. 23/1941 feli yfirvöldum ákveðin störf, táknar slíkt alls ekki, að dómstólar séu sviptir valdi til að úrskurða ágreining milli einstaklinga og stjórnvalda um framkvæmd starfanna, heldur virðist hér einmitt eiga við 60. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að dómstólar dæmi með *efnisdómi* um það hverju sinni, hvort yfirvöld hafi haldið sér innan embættistakmarka sinna, þ. e. farið að lögum í viðtækum skilningi, en þó eftir atvikum án tillits til, hvort umdeild framkoma stjórnvaldshafans var heppileg eða eðlileg að öðru leyti. Það virðist því rétt, að gert verði um vafa þann á réttmæti valdbeitingar stjórnvalds, er mál þetta snýst um, með *efnisdómi* í málinu og vísa því málinu ekki frá dómi. Heimild til höfðunar máls þessa hér fyrir bæjarþingi virðist felast í 75. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936. Er þetta tekið fram, þar sem hæpið þykir, að þingsókn Friðjóns Skarphéðinssonar geti með tilliti til ummæla hans talizt samþykki á varnarþingi, ef þótt hefði heimildarlaust í lögum án slíks samþykkis. Eftir svo felldum úrslitum í þessum þætti málsins virðist ekki koma til greina að úrskurða sérstaklega um málskostnaðarkröfu Kristjáns Kristjánssonar að svo stöddu, heldur verði dæmt um málskostnað milli aðilja samfara væntanlegum *efnisdómi* með tilliti til allrar meðferðar málsins og úrslita þess.

Því úrskurðast:

Framkomin frávisunarkrafa Kristjáns Kristjánssonar í máli þessu er ekki tekin til greina, og skal málið samkvæmt kröfu sækjanda sæta *efnismeðferð* hér fyrir dómi. Um málskostnað verði dæmt samfara *efnisdómi* í málinu.

Mánudaginn 28. febrúar 1949.

Nr. 58/1948. **Skaftafell h/f**

gegn

Marínó Guðjónssyni og gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skaftafell h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
